



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

TVÆR SINFÓNÍUR OG TOKKATA

NÝ ÍSLENSK HLJÓMSVEITARVERK

14. MARS
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Tokkata: 9'
Sinfónía nr. 2: 20'
Illumine: 11'
Sinfónía nr. 5: 30'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIN 14 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

TVÆR SINFÓNÍUR OG TOKKATA

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Karólína Eiríksdóttir
Tokkata (1999)

Þorsteinn Hauksson
Sinfónía nr. 2 (2014)

Hlé

Anna Þorvaldsdóttir
Illumine (2016)

John A. Speight
Sinfónía nr. 5 (2009–16)

Andante poco misterioso – Allegro

Interlude I (Lento e dolente)

Allegro molto

Interlude II (Lento e dolente)

Allegro vivace

Interlude III (Lento e dolente)

Andante – Allegro – Largamente – Calmo – Largamente

– Allegro vivo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



ANNA-MARIA HELSING

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Anna-Maria Helsing hóf feril sinn sem fiðluleikari en lagði síðan stund á hljómsveitarstjórn við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki undir leiðsögn Leifs Segerstam. Hún hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og var aðalhljómsveitarstjóri sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu á árunum 2010–13. Hún kemur reglulega fram með öðrum hljómsveitum á Norðurlöndum, svo sem Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi og sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Þrándheimi. Á þessu ári þreytir hún frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitinni í Malmö auk þess að stjórna tveimur af hljómsveitum Breska ríkisútvarpsins (BBC) í fyrsta sinn.

Helsing hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning, bæði eldri verka og nýrra. Fyrsta verkefni hennar á því sviði var árið 2008 þegar hún stjórnaði óperunni *Adriana Mater* eftir Kaiju Saariaho í Finnsku þjóðaróperunni. Hún stýrði frumuppfærslu á óperu Karólínu Eiríksdóttur, *Magnus Maria*, sem sýnd var víða á Norðurlöndum á árunum 2014–16, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík. Í komandi maímánuði mun Helsing stjórna frumflutningi dansverksins *AION* eftir Ernu Ómarsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur á Point tónlistarhátíðinni í Gautaborg en *AION* er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg.

Anna-Maria Helsing leggur sérstaka rækt við nýrri tónlist og hefur hlotið verðskuldaðar viðurkenningar fyrir það. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá og árið 2011 hlaut hún Louis Spohr-verðlaunin í Braunschweig, fyrst hljómsveitarstjóra, en þau eru veitt tónlistarmönnum sem ryðja nýrri tónlist braut og kynna hana ungu fólki.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Anna-Maria Helsing stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn vorið 2015 á tónleikum í Hörpu og Hofi þar sem 1. sinfónía Sibeliusar var m.a. á dagskrá. Tónlist eftir Sibelius hljómaði aftur í meðförum Helsing og Sí í janúar 2017 ásamt verkum eftir Saariaho og Tsjaikovskij. Seinna sama ár stjórnaði Helsing tónlist tengdri verkum Astrid Lindgren í röðinni Litli tónsprotinn og einnig tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Iceland Airwaves, þar sem flutt voru verk eftir Hildi Guðnadóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Þuríði Jónsdóttur. Í apríl á þessu ári mun hún stjórna flutningi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Söngsveitarinnar Filharmóníu og Kammerkórs Norðurlands á Sálumessu Mozarts.



KARÓLÍNA EIRÍKSDÓTTIR

TOKKATA

Karólína Eiríksdóttir (f. 1951) stundaði tónsmíðanám hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík en hélt síðan til framhaldsnáms við háskólann í Ann Arbor, Michigan í Bandaríkjunum. Að loknu námi snéri hún aftur til Íslands og hefur verið atkvæðamikil í íslensku tónlistarlífi. Hún hefur samið fjölda tónverka af margvíslegu tagi, þar á meðal sínfóniúr, óperur og balletta, og hafa verk hennar verið flutt víða um heim. Karólína hefur gert þrjú verk í samstarfi við myndlistarmennina Libiu Castro og Ólaf Ólafsson. Eitt þeirra, *Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands*, var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2008 og það var, ásamt verkinu *Landið þitt er ekki til*, framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins árið 2011.

Karólína hefur þrívégis verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, í öll skiptin fyrir óperur: *Mann hef ég séð*, sem pöntuð var af Vadstena Akademien í Svíþjóð og frumflutt þar 1988, *Maður lifandi – óperuleik um dauðans óvissan tíma*, en hann var fluttur árið 1999 í Borgarleikhúsinu, og *Magnus Maria*, sem gerist árið 1705 og byggist á sögu frá Álandseyjum um stúlkuna Mariu sem vann fyrir sér sem músikant á krám og brá á það ráð að klæðast karlmannsfötum til að fá betur borgað fyrir söng sinn. Síðastnefnda óperan var frumsýnd í Álandseyjum árið 2014.

Tokkata var samin að beiðni ungmennahljósveitarinnar Orkester Norden með styrk frá NOMUS. Verkið er í einum þætti, sem skiptist þó í samtengdan forleik og aðalkafla. Eiginlega er hér á ferðinni eins konar konsert fyrir hljósveit, því að allir hljóðfærahópar hljósveitarinnar fá einhvern tíma tækifæri til að stíga fram í sviðsljósið. Verkið var frumflutt í Svíþjóð sumaríð 1999 og síðar sama ár var það valið til flutnings á tónleikum í Philharmonie-salnum í Berlín í tilefni af opnun norrænu sendiráðanna þar í borg.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsta verkið sem Sínfóníu-
hljósveit Íslands flutti eftir
Karólínu var Notes, lokaverkefni
hennar frá háskólanum í Ann
Arbor, sem hljómaði héraðsins
á tónleikum sveitarinnar í
desember 1979. Tæpum tveimur
árum síðar frumflutti hljóm-
sveitin Sónans undir stjórn
Jean-Pierre Jacquillat. Árið 1985
var komið að beiðni Ríkisútvarps-
ins og frumflutt í sjónvarpinu af
Sí og Jacquillat, og í maí 1992
stýrði Petri Sakari frumflutningi
hljósveitarinnar á verkinu
Klifur. Arnaldur Arnarson lék
gítarkonsert Karólínu á tónleikum
Sí í febrúar 2004 og þremur árum
síðar frumfluttu Guðrún Sigríður
Birgisdóttir og Martial Nardeau,
ásamt hljósveitinni, konsert fyrir
tvær flautur. Tokkata hefur einu
sinni áður hljómað á tónleikum
Sí. Það var í maí 2000 og hélt þá
Diego Masson um tónsprotann.



ÞORSTEINN HAUKSSON

SINFÓNÍA NR. 2

Þorsteinn Hauksson (f. 1949) stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík og sótti einnig tíma í tónsmíðum hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Að loknu einleikaraprófi frá skólanum hélt hann til tónsmíðanáms í Bandaríkjunum, fyrst við háskólann í Illinois en síðar við Stanford-háskóla. Hann var einnig um tveggja ára skeið við tónsmíðar og rannsóknir í IRCAM tölvutónlistarmiðstöðinni í París og samdi þá verkið *Are We?* sem var pantað af miðstöðinni og frumflutt af hinni virtu kammersveit Ensemble intercontemporain.

Þorsteinn er helsti frumkvöðull íslenskrar tölvutónlistar. Hann hefur um árabíl verið búsettur á meginlandi Evrópu og verk hans hafa hljómað í flestum löndum álfunnar, í Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína, en eru fremur sjaldheyrð á Íslandi. Hann hefur þrívægis verið tilnefndur til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs, fyrst 1988 fyrir hljómsveitarverkið *Ad astra*, þá fyrir *cho* sem samið er fyrir flautu og tölvuhljóð, og árið 1996 var verkið *Bells of Earth* fyrir hljómsveit og tölvuhljóð tilnefnt.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ad astra var frumflutt af kammer-sveit á Listahátíð í Reykjavík árið 1982 undir stjórn Guðmundar Emilssonar. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verkið á tónleikum sínum 15. nóvember 1984 undir stjórn Grikkjans Karolos Trikolidis og aftur í október 1993 þegar Osmo Vänskä hélt um tónsprotann. *Bells of Earth*, fyrir hljómsveit og tölvuhljóð, var fyrst flutt á tónleikum Sí 15. október 1998 undir stjórn Petris Sakari en það hljómaði aftur í september 2005 og var Anne Manson þá hljómsveitarstjóri. Í febrúar 2016 hélt Caput-hópurinn portrett-tónleika í Norræna húsinu með verkum Þorsteins þar sem meðal annars var frumfluttur nýr strengjakvartett.

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti fyrstu sinfóníu Þorsteins á Myrkum músikdögum árið 2006. Verkið hlaut einkar lofsamlegan dóm í Morgunblaðinu og sagði gagnrýnandinn, Jónas Sen, m.a. að það einkenndist af sjaldheyrðri dirfsku. Hann klykkta út með þessum orðum: „Þessi sinfónía Þorsteins lofar svo sannarlega góðu; óskandi er að þær verði miklu fleiri.“ Á tónleikunum í kvöld er komið að því að sinfónía nr. 2 heyrir í fyrsta sinn en hana samdi Þorsteinn árið 2014. Hún hefur allt aðra byggingu en sú fyrsta sem var í þremur köflum. Hér eru á ferðinni átta stuttir kaflar sem kallast á við japanskar hækur þar sem dregnar eru upp flöktandi hugdettur.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

ILLUMINE

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli fyrir tónsmíðar sínar á undanförunum árum og hafa verk hennar hljómað í flutningi úrvals hljómsveita eins og Fílharmóníusveitanna í Berlín, Stokkhólmi, Ósló, New York og Los Angeles. Anna lagði stund á tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og lauk þaðan BA-prófi en hélt síðan til framhaldsnáms við Kaliforníuháskóla í San Diego í Bandaríkjunum þaðan sem hún lauk doktorsprófi. Hún hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012 fyrir verk sitt *Dreymi*, sem var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2015 veitti Fílharmóníusveitin í New York henni Kravis-verðlaunin sem ætluð eru upprennandi tónskáldum og í fyrra hlaut hún tvenn verðlaun frá Lincoln Center: Emerging Artist Award og The Martin E. Segal Award.

Sem stendur er Anna staðartónskáld bæði í Royal Academy of Music í Lundúnum og hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar, situr í verkefnavalsnefnd hennar og er í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju, sem er samstarfsverkefni Sinfóníunnar og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og miðar að því að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir sinfóníuhljómsveit.

Verkið *Illumine* er samið fyrir þrjár fiðlur, tvær víólar, tvö selló og kontrabassa. Það var skrifað fyrir Ensemble intercontemporain í París og frumflutt á hátíðartónleikum í tilefni af 40 ára afmæli sveitarinnar árið 2016. Anna segir um verkið að það byggist á hugmyndinni um togstreitu ljóss og myrkurs — leitinni sem kveikist af fyrstu ljósgeislunum og rytmanum sem framkallast af bylgjuhreyfingum ljóssins gegnum myrkrið: „Við leiðumst smám saman inn í skruðninga upphafsins, sem sundrast í frumeindir sínar, og leysumst síðan hægt út í algjöra stillu ljóssins. Það á við um *Illumine* eins og önnur verk mín, að kveikjan að því er ekki eitthvað sem ég reyni svo að lýsa í verkinu — fyrir mér er tónlistin fyrst og fremst til á sínum eigin forsendum. Þegar ég sæki innblástur til einhvers fyrirbæris eða eiginleika, þá er það vegna þess að það vekur áhuga minn tónlistarlega séð. Innblásturinn tengist oft formgerð, til dæmis hlutföllum og flæði, sem og jafnvægi milli eininga innan stærri heildar og því hvernig má færa sjónarhornið milli þessara tveggja póla, eininganna og heildarinnar.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Illumine hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi og skammt er síðan Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti annað verk Önnu hérlendis. Það var Metacosmos sem var á dagskrá á tónleikum á Myrkum músikdögum 31. janúar síðastliðinn. Þá flutti Sinfónían verkið Ad genua ásamt Schola cantorum á hátíðardagskrá í Eldborg í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands 1. desember 2018.



JOHN A. SPEIGHT

SINFÓNÍA NR. 5

John Anthony Speight fæddist á Englandi árið 1945. Hann stundaði nám í söng og tónsmíðum við Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum og sótti auk þess einkatíma til tónskáldsins Richards Rodney Bennett. Árið 1972 fluttist Speight til Íslands og hefur verið búsettur hér síðan. Hann hefur haldið fjölda einleikstónleika, komið fram með mörgum kammerhópum og sungið ýmis óperuhlutverk á íslensku sviði, auk þess að kenna söng og tónfræði.

John Speight hefur samið hátt í 200 tónverk, stór og smá, allt frá einleiks- og einsöngsverkum upp í hljómsveitarverk. Önnur sinfónía hans var valin til flutnings á alþjóðlegu tónlistarhátíðinni ISCM (International Society for Contemporary Music) árið 1992 og tónsmíðar eftir hann hafa hljómað á Norrænum músíkdögum, á Listahátíð í Reykjavík og á Myrkum músíkdögum. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir jóla-óratoríu sína, *Barn er oss fætt*, sem var valin tónverk ársins 2002.

Speight lýsir tildrögum fimmtu sinfóníu sinnar svo: „Sinfónían varð til á löngum tíma, eða á árunum 2009–2016. Ástæðan er sú að á sama tíma var ég með tvö önnur stór verk í smíðum, óperu og fiðlukonsert. Á þessum sjö árum létust nokkrir góðir fjölskylduvinir og því ákvað ég að setja þrjú stutt millispil til minningar um þessa góðu vini mína á milli kafla sinfóníunnar. Þessi ljóðrænu millispil eru skrifuð fyrir einleikshljóðfæri auk strengja — það fyrsta er fyrir trompet, annað fyrir franskt horn og það þriðja fyrir enskt horn og víólur. Aðalkaflarnir fjórir byggjast að nokkru leyti á kórverkinu *O sacrum convivium*, sem ég samdi árið 2004, og mynda í raun eina stóra heild sem skiptist í fernt.“

Svanhildur Óskarsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur 5. sinfóníu Johns Speight. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt allar fyrri sinfóníur hans — sú fjórða var frumflutt á Myrkum músíkdögum 2008. Fyrsta verk Speight sem hljómaði í meðförum Sí var klarínétukonsert hans. Það var í mars 1984, einleikari var Einar Jóhannesson en Jean-Pierre Jacquillat stjórnaði flutningnum. Í nóvember 2014 frumflutti Bryndís Halla Gylfadóttir sellókonsert Speight ásamt sveitinni, undir stjórn Ísraels Yínon.

Á DÖFINNI



FM 21 MAR 19:30

VON OTTER OG TORTELIER

Anne Sofie von Otter er ein dádasta söngstjarna Norðurlanda. Hún hefur á viðburðaríkum ferli sungið með öllum helstu hljómsveitarstjórum heims og unnið til bæði Gramophone- og Grammyverðlauna fyrir geisladiska sína. Á þessum tónleikum flytur hún heillandi útsetningar Josephs Canteloube á frönskum þjóðlögum. Tónleikarnir hefjast með sprellfjörugri útsetningu Atla Heimis Sveinssonar fyrir klarínett og hljómsveit á hinu vinsæla *Rondo alla Turca* eftir Mozart. Eftir hlé hljómar eina sínfónía Bizets, sannkallað meistaraverk. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.



FM 28 MAR 19:30

MENDELSSOHN OG BEETHOVEN


Fíðluleikarinn Judith Ingólfsson tók fyrstu skrefin í tónlistinni sem nemandi í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Hún sigraði í Alþjóðlegu fíðluleikþinginu í Indianapolis árið 1998 og gagnrýnandi New York Times líkti leik hennar við kraftmikla flugeldasýningu. Judith er nú prófessor í fíðluleik við Tónlistarháskólann í Stuttgart. Fíðlukonsert Mendelssohns er ótvíræður gleðigjafi, léttur og leikandi en líka tilþrífamikill og gefur einleikaranum færi á að sýna hinar ólíku hliðar hljóðfærisins. Á dagskránni eru einnig sjöunda sínfónía Beethovens og *Impression on a Windy Day* eftir Malcolm Sargent. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.



FÖS 29 MAR 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN - DANSANDI SINFÓNÍA

Bergrún Snæbjörnsdóttir hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir verk sín, sem hafa meðal annars hljómað í flutningi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Ósló og International Contemporary Ensemble (ICE) í New York. Á síðari föstudags-tónleikum vetrarins hljómar nýtt verk eftir Bergrúnu, pantað af Önnu Þorvaldsdóttur og Sínfóníuhljómsveit Íslands og sérstaklega samið fyrir hljóðfæraleikara úr hljómsveitinni. Á dagskránni er einnig sjöunda sínfónía Beethovens, eftirlætisverk tónlistarunnenda um allan heim. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímenn Bjarnason.



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist veur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögunum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í uppáhaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið klassikin@ruv.is eða inn á vefinn www.ruv.is/klassikin fyrir 1. apríl.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

14. MARS 2019

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Pascal La Rosa
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Justyna Bidler
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Greta Guðnadóttir
Christian Diethard
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir

VÍOLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Lucja Koczot

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Martial Nardeau
Berglind Stefánsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Leendert Booyens
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Rakel Björt Helgadóttir

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Oren Marshall

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

21. MAR 19:30

VON OTTER & TORTELIER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Anne Sofie von Otter einsöngvari

Einar Jóhannesson einleikari

Atli Heimir Sveinsson / W.A. Mozart
Alla turca etc.

Joseph Canteloube
Söngvar frá Auvergne (Chants
d'Auvergne)

Georges Bizet
Sinfónía í C-dúr

Tónleikakynning kl. 18:00

Anne Sofie von Otter er ein dádasta söngstjarna Norðurlanda. Hún hefur á viðburðaríkum ferli sungið með öllum helstu hljómsveitarstjórum heims og hefur unnið til bæði Gramophone- og Grammy-verðlauna. Á tónleikunum flytur hún heillandi útsetningar Josephs Canteloube á frönskum þjóðlögum.

Tónleikarnir hefjast með sprellfjörugri útsetningu Atla Heimis á hinu vinsæla Rondo alla Turca eftir Mozart. Einleikari er Einar Jóhannesson einn fremsti klarínettuleikari landsins og fyrrum leiðari í Sinfóníuhljómsveitinni. Þá hljómar eina sinfónía Bizets, meistaraverk sem hann samdi aðeins 17 ára gamall og er hún vitnisburður um ótvíræða snilligáfu hans.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfonia

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

